

## SIÐAREGLUR ÍSFÉLAGS HF.

Stjórn Ísfélags hf. telur mikilvægt að starfsemi og viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum og að orðspor hagaðila sem og félagsins sé í heiðri haft. Stjórn félagsins telur einnig mikilvægt að í gildi séu siðareglur sem eru leiðbeinandi þegar kemur að því að gæta siðferðislegrar og samfélagslegrar ábyrgðar, bæði innan stjórnar, í félaginu og út á við.

Siðareglurnar veita aðhald og auðvelda okkur að meta þau fjölbreyttu viðfangsefni sem mæta okkur í daglegum störfum um leið og þær hjálpa okkur að taka réttar ákvarðanir. Reglur þessar eru leiðarvísir okkar á þeirri braut og er þeim ætlað að vera starfsmönnum Ísfélags og aðilum sem starfa eða koma fram undir merkjum félagsins til stuðnings ef upp koma hagsmunaárekstrar eða siðferðisleg álitamál sem taka þarf afstöðu til.

### 1. Gildissvið

Siðareglur þessar gilda um eftirfarandi aðila:

- Stjórn og undirnefndir stjórnar,
- Stjórnendur og
- Alla starfsmenn félagsins.

Það er á ábyrgð stjórnar og allra stjórnenda Ísfélags að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með siðareglunum og vera öðrum fyrirmyndir í þeim efnum – og hverjum og einum sem undir siðareglurnar falla ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér þær í daglegum störfum sínum.

### 2. Markmið

Markmið siðareglna þessara er að tryggja að viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum og að orðspor þess og hagaðila sé í heiðri haft. Þessu markmiði náum við með því að hvert og eitt okkar axli ábyrgð á því að heiðarleiki, sanngirni og virðing einkenni samskipti og störf okkar innan Ísfélags, sem og samskipti og störf okkar út á við. Við insetjum okkur að þekkja, skilja og fara eftir hvers konar lögum, reglum, stefnum, starfsreglum og siðareglum sem gilda um störf okkar og við leitum okkur aðstoðar ef við teljum að okkur skorti nauðsynlegan skilning eða ef við teljum að lög eða siðareglur hafi verið brotin.

Það er á ábyrgð stjórnar og allra stjórnenda að hafa eftirlit með og bregðast við hvers konar ábendingum um atriði sem varða brot á lögum eða siðareglum þessum og koma slíkum málum í viðeigandi farveg.

### 3. Hagaðilar

Við leggjum áherslu á að allir hagaðilar okkar séu hafðir í fyrirrúmi við framkvæmd siðareglanna. Siðareglum þessum skal fylgt eftir og þær túlkaðar í samræmi við framangreind markmið félagsins og hagsmunum hagaðila þess eins og við á hverju sinni.

#### 4. Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi og umhverfismál og sjálfbærni

Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi, umhverfismál og sjálfbærni eru lykilatriði í stefnu Ísfélags og við gerum ríkar kröfur til okkar sjálfra og birgja okkar þegar kemur að þeim málaflokkum og höfum sett okkur skýrar stefnur og markmið þar að lútandi.

Við virðum mannréttindi í hvívetna og stefnum að því að eiga góð samskipti við þau samfélög sem starfsemi félagsins nær til og að hafa góð áhrif á þau.

Við förum ávallt að gildandi lögum hverju sinni varðandi umhverfismál og heitum að hafa sem minnst áhrif á umhverfi okkar.

Við leggjum ríka áherslu á að sjálfbærni þeirra auðlinda sem félagið byggir starfsemi sína á sé tryggð til langs tíma.

#### 5. Mannauður

Við heitum að virða hvers konar starfstengd réttindi starfsmanna í samræmi við lögboðin réttindi launafólks og leggjum ríka áherslu á heilsu og öryggi starfsmanna með því að veita þeim gott starfsumhverfi, fræðslu og þjálfun í samræmi við öryggisstefnu félagsins. Við stuðlum að jafnrétti á vinnustað og erum málefnaleg og sanngjörn í öllum okkar samskiptum. Við líðum hvorki einelti né aðra áreitni.

#### 6. Heiðarleiki í viðskiptum

Við leggjum áherslu á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum og förum ávallt að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og gerum ráð fyrir því sama af þeim sem Ísfélagið skiptir við. Við erum afdráttarlaus í því að iðka góða viðskiptahætti og þræðum ekki markalínur þess löglega eða siðferðislega rétta.

Öll viðskipti Ísfélags hf. eru framkvæmd á armslengdargrunni og við líðum aldrei mútur, spillingu, hagsmunaárekstra, né neins konar óviðeigandi fyrirgreiðslu, hvort heldur af okkar hálfu eða gagnvart okkur. Þá þiggjum við ekki gjafir né neins konar aðra fyrirgreiðslu af hálfu annarra sem kann að draga úr trúverðugleika okkar eða Ísfélags, eða er til þess fallin að hafa áhrif á ákvarðanatöku eða dómgreind okkar við vinnslu mála, eða meginreglunnar um armslengdarviðskipti. Ef við erum í minnsta vafa um heimildir okkar til móttöku gjafa eða annars konar fyrirgreiðslna leitum við ávallt álits næsta yfirmanns okkar.

Öll viðskipti Ísfélags skulu tilgreind í reikningum fyrirtækisins í samræmi við viðurkenndar starfsreglur og háð endurskoðun.

Ísfélag tekur ekki þátt í neins konar ólögum viðskiptum eða aðgerðum, s.s. peningaþvætti eða mútum.

## 7. Hagsmunaárekstrar

Um hagsmunaárekstur er að ræða þegar persónulegir hagsmunir eða aðrir hagsmunir sem ekki eru starfstengdir, hafa áhrif eða geta virst hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir okkar. Einkahagsmunir okkar skulu ekki hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir. Við komum ekki að ákvörðunum sem við eða aðilar tengdir okkur kunna að hafa persónulegan hag af né sinnum öðrum störfum eða stöðum sem skapað geta hagsmunaárekstur við félagið.

## 8. Samkeppni

Við styðjum frjálsa samkeppni og heitum því að stunda sanngjarna og siðlega samkeppni í samræmi við gildandi löggjöf. Við komum ekki í veg fyrir að aðrir geti stundað löglega samkeppni heldur virðum samkeppnisreglur og samskipti. Samningar og aðrar aðgerðir sem draga úr samkeppni verða ekki liðin.

## 9. Arðsemi í gegnum skilvirkni

Eitt af hlutverkum félagsins er að skila eigendum sínum ávöxtun á fjárfestingu sína í samræmi við ákvarðanir hluthafafunda og stjórnar hverju sinni.

Arðsemi er jafnframt forsenda rekstursins og þar með þeirra starfa sem hjá félaginu hafa skapast. Við heitum því að vinna ötullega að því að skapa arðsemi í gegnum skilvirknan og hagkvæman rekstur, þar sem tillit er tekið til allra hagaðila.

## 10. Varðveisla trúnaðarupplýsinga og persónuvernd

Hvers konar trúnaðar- og/eða persónuupplýsingar sem eru til eða verða til hjá Ísfélaginu eru meðhöndlaðar af ýtrustu varkárni og ávallt í takt við gildandi löggjöf og verklagsreglur hverju sinni. Við nýtum ekki trúnaðarupplýsingar til ávinnings, hvorki fyrir okkur sjálf né aðra.

Við vitum að þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Upplýsingatækni og boðleiðir munum við nota á ábyrgan hátt.

## 11. Vernd eigna og gagna

Eignir Ísfélags geta verið fjárhagslegar, efnislegar og óáþreifanlegar, t.a.m. fasteignir, tæki, sjóðir, hugbúnaður, verkkunnátta, hugverk, viðskiptaleyndarmál og gögn sem verða til í félaginu.

Eignir og gögn Ísfélags og/eða sem verða til í rekstri félagsins eru verðmæt og þau munum við umgangast af virðingu og varðveita tryggilega. Við ráðstöfum eignum og gögnum aðeins í þágu félagsins en ekki til persónulegra nota eða hagsbóta.

Sérstaklega skal gætt að meðferð rafrænna gagna og slík gögn meðhöndluð og varðveitt á ábyrgan og viðeigandi hátt.

Við erum öll fulltrúar félagsins innan og utan vinnutíma – þar með talið á samfélagsmiðlum - og sýnum ekki af okkur neina þá hegðun sem skaðað getur eða rýrt orðspor, vörumerki félagsins og önnur tengd vörumerki.

## 12. Samskipti og upplýsingagjöf

Við sýnum hvert öðru virðingu og eigum hreinskilin samskipti við allt samstarfsfólk og hagaðila.

Við erum staðráðin í að upplýsingagjöf Ísfélags til hagaðila er á hverjum tíma rétt, gagnorð og nákvæm. Við gætum jafnframt ávallt að heimild okkar til að tjá okkur fyrir hönd félagsins.

Við leggjum að öðru leyti ríka áherslu á gagnsæi fyrir hagaðila okkar vegna stjórnarhátta Ísfélags.

Samskipti við hagaðila eru okkur afar dýrmæt og við leggjum áherslu á að hlusta á sjónarmið þeirra og skoðanir á stefnu og starfsemi félagsins.

### **13. Tilkynning um brot**

Við erum staðráðin í því að láta óréttmæta viðskiptahætti aldrei viðgangast og það er skylda hvers og eins okkar að standa vörð um að hvorki eigi sér stað lögbrot, brot á siðareglum þessum eða brot á annars konar stefnum, reglum eða gildandi starfsháttum innan Ísfélags.

Hafi starfsmenn rökstuddan grun um slík brot, ber þeim að gera viðvart og leita til einhvers af eftirfarandi aðilum:

1. Næsta yfirmanns.
2. Næsta yfirmanns þar fyrir ofan.
3. Framkvæmdarstjóra Ísfélags hf.
4. Formanns stjórnar ef um framkvæmdarstjóra er að ræða.
5. Varaformanns stjórnar ef um formann stjórnar er að ræða.

Allar ábendingar um brot verða teknar alvarlega og rannsakaðar.

Starfsmönnum verður aldrei refsað, hvorki með beinum eða óbeinum hætti, ef þeir í góðri trú koma á framfæri ábendingu um rökstuddan grun um brot samkvæmt þessari grein og verður nafnleynd viðkomandi tryggð við meðhöndlun slíkra mála.

### **14. Viðurlög**

Brot gegn siðareglum þessum geta varðað áminningu og jafnvel brottrekstri – í samræmi við viðeigandi vinnulöggjöf hverju sinni.

Þannig samþykkt af stjórn Ísfélags hf.